

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 83

Apríl 2001

Fréttabréf



VORFUNDUR

Vorfundur Jökklarannsóknafélags Íslands verður haldinn kl 20:00
mánudaginn 23. apríl 2001 í Norræna húsinu.

Dagskrá:

1. Myndun Dimmugljúfra - Jórunn Harðardóttir
2. Kynning á vorverkefni á Hofsjökli - Þorsteinn Þorsteinsson
3. Myndir af Suðurheimskauti - Sverrir Hilmarsson

NIÐURSTÖÐUR AÐALFUNDAR

Aðalfundur Jökklarannsóknafélags Íslands var haldinn
þriðjudaginn 27. febrúar 2001. Eftir fundinn skipa eftirtalin stjórn félagsins:

Formaður: Magnús Tumi Guðmundsson
Varaformaður: Steinunn Sigríður Jakobsdóttir
Ritari: Halldór Gíslason yngri
Gjaldkeri: Garðar Briem
Meðstjórnandi: Ástvaldur Guðmundsson

Varastjórn félagsins skipa nú:

1. varamaður: Hannes Haraldsson
2. varamaður: Sverrir Óskar Elefsen - ritstj. fréttabréfs
3. varamaður: Bryndís Brandsdóttir
4. varamaður: Guðmundur Þórðarson

Formenn nefnda voru tilnefndir á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund.
Nefndir skipa nú:

Bílanefnd: Þorsteinn Jónsson

Ferðanefnd: Halldór Gíslason yngri formaður, Hannes Haraldsson, Magnús
T. Guðmundsson, Sjöfn Sigsteinsdóttir og Þorsteinn Jónsson.

Rannsóknanefnd: Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Bryndís
Brandsdóttir, Finnur Pálsson, Hannes Haraldsson, Jón Sveinsson, Oddur
Sigurðsson, Steinunn Jakobsdóttir, Sverrir Óskar Elefsen og Þorsteinn
Þorsteinsson

Skálanefnd: Sverrir Hilmarsson

Skemmtinefnd: Valgerður Jóhannsdóttir formaður, (nefnd ekki fullskipuð)

Ákvörðun félagsgjalda: Félagsgjöld verða nú kr 3.300- en 50% afsláttur
verður veittur námsmönnum fyrstu 3 árin.

RITSTJÓRN FRÉTTABRÉFS

Oddur Sigurðsson hefur nú látið af störfum í stjórn félagsins eftir 10 ára farsæla setu sem stjórnarmaður. Oddur ætlar þó að halda áfram að stýra sporðamælingum félagsins og er það vel enda hefur hann sinnt því starfi af miklum dugnaði og áhuga. Í stað Odds sem ritstjóri fréttabréfs kemur Sverrir Óskar Elefsen. Hann starfar við Vatnamælingar á Orkustofnun. Er fólki bent á að snúa sér til hans með tilkynningar, ábendingar og áhugavert efni í fréttabréfið.

Magnús Tumi Guðmundsson

FRÁ RITSTJÓRA - NETFÖNG

Á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að falast eftir netföngum félagsmanna til að minnka kostnað við útsendingu fréttabréfsins. Þá eru uppi hugmyndir um heimasíðu félagsins og yrði fréttabréfið jafnframt birt á henni.

Hér með er óskað eftir því, að félagsmenn með aðgang að tölvupósti sendi netföng sín á ritstjóra fréttabréfsins: se@os.is
ritstj.

MÝRDALSJÖKULSFERÐ

Áformað er að fara á Mýrdalsjökul um eða uppúr mánaðarmótunum apríl-maí. Boraðar verða nokkrar afkomuholur og settar upp stikur til að fylgjast með ísskriði. Jafnframt gefst þátttakendum ágætt tækifæri til að skoða sig um á jöklinum. Dagsetning hefur ekki verið ákveðin en stefnt er á einhvern frídag í byrjun maí.

Félagið hefur ekki tók á að flytja fólk upp á jökulinn en mun sjá um fararstjórn og leiðsögn. Þeir sem áhuga hafa þurfa því að útvega sér far eða farartæki til að komast upp á jökulinn. Nánari upplýsingar veita Halldór Gíslason yngri (5667077) eða Magnús Tumi Guðmundsson (5255867/5526357). Þá verður ferðin kynnt frekar á vorfundinum þann 23. apríl.

Magnús Tumi Guðmundsson

GRÍMSVÖTN – SKEIÐARÁ

Í byrjun febrúar 2001 fóru starfsmenn Raunvísindastofnunar og Landsvirkjunar á Vatnajökul. Lítil snjó var á Grímsfjalli og sást í stikur á Tungnaárjökli. Gert var við rafstöðvar á Grímsfjalli og reynt að þetta glugga en opnanleg fög eru ekki þéttari en svo, að inn um þau skefur. Lesið var af mæli í Grímsvötnum. Hann reyndist hafa skemmst og hefur þráðurinn líklega slitnað um mánaðarmótin nóv-des. Þá var gerð DGPS mæling á íshellunni.

Samkvæmt loftvogamælingum Raunvísindastofnunar HÍ á hæð íshellu í Grímsvötnum má sjá, að vatn hefur verið að safnast í vötnin síðan um mánaðarmótin janúar/febrúar og hefur heldur bætt í rishraðann í mars.

Sjálfvirk stöð Vatnamælinga Orkustofnunar við Skeiðará undir Skaftafellsbrekkum sýnir að rafleiðni í Skeiðará hefur verið að aukast á liðnum vikum og er tæplega 300 μ S/cm þegar þetta er skrifað. Á þessari stundu er ekki unnt að segja, hvort aukin rafleiðni í Skeiðará stafi af leka vatns úr Grímsvötnum eða hugsanlega vegna jarðhita í farvegi Skeiðarar neðan Grímsfjalls.

Sverrir Óskar Elefsen

MYNDUN DIMMUGLJÚFRA

Frá Fremri Kárahnjúk í norðri og að Töðuhraukum í suðri liggja um 17 km langir og allt að 70 m háir sethjallar, sem mynda mishá þrep niður að Jökulsá á Dal. Setlöggin eru staðsett í lónstæði Háslóns, uppistöðulóni Kárahnjúkavirkjunar, og verða þau kaffærð ef af virkjun verður. Í fyrirlestri á komandi vorfundi verður gerð grein fyrir kortlagningu setlaganna og þeirri jarðsögu sem túlkuð er út frá fyrirbyggjandi gögnum. Verkefnið var unnið í samvinnu Vatnamælinga Orkustofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Háskóla Íslands í tengslum við umhverfismat Kárahnjúkavirkjunar.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að setlöggin mynduðust á tiltölulega skömmum tíma í lok ísaldar, í lóni framan við hörfandi jökuljaðar. Eftir uppfyllingu lónsins hefur myndast ársléttá sem fyrirrennari Jöklu hefur runnið rólega eftir í nokkur þúsund ár, án þess að grafa mikið ofan í setfylluna. Þykkur jarðvegur hefur myndast ofan á hluta setfyllunnar við þessar aðstæður og hefur hann verið aldursgreindur. Rof setfyllunnar og myndun hjallanna hefur samkvæmt þeim aldursgreiningum byrjað fyrir um 4000 14 C árum þegar jökulvatn varð ríkjandi hluti vatns í forvera Jöklu. Þessi breyting átti sér stað samtímis stækkun jökla á svæðinu og á sama tíma og

rannsóknir benda til kólnandi verðurfars á Íslandi. Gröftur Dimmugljúfra hefur gerst í þrepum samhliða myndun hjallanna og sýna aldursgreiningar að myndun gljúfranna var enn í fullum gangi fyrir um 1800 árum.

Svo vitað sé er hvergi á Íslandi hægt að skoða sambærilega jarðsögu á jafn auðveldan hátt og í tiltölulega einfaldri tímaröð eins og í sethjöllunum sunnar Kárahnjúka.

Jórunn Harðardóttir

VINNUFERÐ SKÁLANEFNDAR Á GRÍMSFJALL **30. mars til 1. apríl 2001**

Farið var á Grímsfjall til að sinna ýmsum viðhaldsmálum. Þeir sem í ferðina fóru voru úr bíla og skálanefnd. Farið var úr bænum á föstudag og komið til baka á mánudag. Í ferðina fóru 13 manns. Til flutninga voru notaðir sjö bílar, Dodge félagsins og sex einkabílar.

Veður var gott allan tímann þó svo að skyggni hafi ekki verið mikið. Vinna gekk vel og voru allir sammála um að tekist hafi að framkvæma meira en menn áttu von á. Það helsta sem gert var er eftirfarandi:

Skáli 1.

Stofa klædd að innan með krossvið og hann síðan allur lakkaður að innan. Settur var gólfdukur á forstofu og stofu. Eftir þessar framkvæmdir hefur Gamli Skáli tekið miklum breytingum og er það von skálanefndar að umgegni um skálann taki breytingum til batnaðar í ljósi þess hversu snyrtilegur hann er orðinn.

Skáli 2.

Dúklagt var í forstofu, sett nýtt vaskborð í eldhús og forstofa og andyri slípuð og lökkuð.

Einnig var unnið að ýmsu öðru viðhaldi við húsin svo sem við þrif, skipt um plexigler sett niðurföll, endurnýjaðar gluggakrækjur o.fl. Vinnustundir í þessari ferð voru 350 klst., og er þá ekki talin sá tími sem fór í ferðalög.

Guðmundur Þórðarson

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Sverrir Óskar Elefsen